

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m.a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.

2. gr.

Bannað er enn fremur að nota neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsnota.

Jafnan skal haft samráð við hlutaðeigandi forráðamenn, eigendur eða stjórnendur, áður en slíkt bann er sett á, en ekki er það skilyrði að þeir samþykki bannið.

Við veitingu heimildar til rekstrar langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa, leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru eða öllu í farartækinu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa nefnd, sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum.

Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna. Heilbrigðisráðherra ákveður um ráðstöfun fjáris.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málslíður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 27. maí 1975, um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Ákvæði í 16. gr. g. 1. málsg. og í 18. gr. 2. málsg. skulu ekki skerða bótarétt í forföllum vegna barnsburðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. greinar skal gilda frá gildistöku laga nr. 56 1975.

Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.